

27. Fundur Breiðafjarðarnefndar

Haldinn 21. maí 2001, kl. 13:00 – 17:10 Minjavernd Vesturlands, Stykkishólmi.

Mættir: Friðjón Þórðarson, Ævar Petersen, Þórólfur Halldórsson, Guðríður Þorvarðardóttir, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson, Ásgeir Gunnar Jónsson og Jóhannes Gíslason. Fundarritari; Guðríður Þorvarðardóttir.

DAGSKRÁ FUNDARINS

Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð Breiðafjarðarnefndar frá 26.03.2001 samþykkt án athugasemda.

Starfsaðstaða Breiðafjarðarnefndar

Kynnt var fjárhagsstaða Breiðafjarðarnefndar skv. upplýsingum sem bárust frá umhverfisráðuneytinu. Einnig kynnt áætlun um ógreidda ferðareikninga og annan útlagðan kostnað.

Farið var yfir drög að samningi Breiðafjarðarnefndar við Náttúrustofu Vesturlands um umsjón með starfi nefndarinnar. Lítilsháttar breytingar voru gerðar á drögunum, m.a. bætt inn að Náttúrustofa Vesturlands sjái um að vista gögn nefndarinnar og halda eignaskrá.

Afgreiðsla: Guðríði falið að afla undirskriftar Rögnu Ívarsdóttur formanns stjórnar Náttúrustofu Vesturlands og síðan staðfestingar umhverfisráðuneytisins.

Snæfellsnesvegur um Kolgrafafjörð í Eyrarsveit, hönnunarrannsóknir vegna undirstöðu brúaar og vegfyllingar í firði

Farið var yfir beiðni Vegagerðarinnar skv. bréfi dags. 16. maí 2001 þar sem óskað er heimildar Breiðafjarðarnefndar til hönnunarrannsókna vegna undirstöðu brúa og vegfyllingar. Nokkur umræða var um hönnunarrannsóknina m.a. hvort framkvæmdin er ekki hluti af matsferlinu, að um akstur utan vega verður að ræða o.fl. Bent var á að nota ætti beltabor sem er léttur og þeim eiginleikum gæddur að hann flýtur t.d. á mýrlendi.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd samþykkti að gera ekki athugasemdir við fyrirhugaða rannsókn vegna undirstöðu brúar og vegfyllingar.

Sjóvarnir í Eyrarsveit, við fjörubakka á Framnesi og við Sæból 16

Farið var yfir erindi Skipulagsstofnunar dags. 11. maí 2001 þar sem óskað er álits Breiðafjarðarnefndar á því hvort framkvæmdirnar eru háðar mati á umhverfisáhrifum skv. 2. og 3. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd telur framkvæmdirnar ekki háðar mati á umhverfisáhrifum. Guðríði falið að svara erindinu.

Vinnureglur um byggingar á verndarsvæðinu

Umsögn Skipulagsstofnunar hefur enn ekki borist – ítreka þarf við stofnunina að farið verði yfir vinnureglurnar.

Önnur mál

Ævar lagði fram bréf dags. 16. maí 2001 þar sem tilkynnt er að hann hefur verið skipaður fulltrúi Náttúrufræðistofnunar Íslands í ráðgjafanefnd um sjávarfallavirkjun í Breiðafirði. Fram kemur að Ævar mun hvorki taka þátt í umræðu um mál varðandi sjávarfallavirkjunina sem berast Breiðafjarðarnefnd né afgreiðslu þeirra.

Ævar sagði frá því að heimamaður hafi haft samband við sig vegn efnistöku í hrauninu austan við Mjósund. Þar sem svæðið er utan verndarsvæðis Breiðafjarðar var ekki sérstaklega fjallað um áhyggjur mannsins en hinsvegar bent á að beina fyrirspurnum sem þessum til Náttúrustofu Vesturlands, Skipulagsyfirvalda og/eða Náttúruverndar ríkisins. Bent var á nauðsyn þess að þegar búið væri að koma Breiðafjarðarnefnd fyrir hjá Náttúrustofu Vesturlands þá þurfi að senda út kynningu þess efnis.

Fundi slitið 17:10 og næsti fundur ákveðinn síðar.